



Bankasýsla ríkisins  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík

Dagsetning 18. mars 2024  
Málsnúmer FJR24030068

Tilkynnt var í gær að stjórn Kviku hefur ákveðið að taka tilboði Landsbankans um kaup á hlutfé TM trygginga hf. fyrir tæpa 29 ma.kr. og mun Landsbankinn greiða fyrir hlutféð með reiðufé.

Líkt og kunnugt er kveður stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar á um að dregið verði úr eignarhaldi í fjármálakerfinu og ábatinn nýttur til fjárfestingar í innviðum samfélagsins. Þá liggur fyrir að miklar kröfur eru gerðar til ríkisfjármála um þessar mundir. Einnig vill ráðuneytið benda á að í yfirlýsingu ráðherra þann 6. febrúar sl. kom skýrt fram að henni hugnist ekki kaup Landsbankans á TM.

Framangreind tilkynning kemur nokkuð á óvart í ljósi framangreinds. Þá kemur einnig á óvart að viðskiptin hafi ekki verið borin undir Bankasýsluna, en stofnunin fer með yfir 98% hlut í félaginu og tæplega 100% atkvæðavægi.

Ráðuneytið vill benda á eftirfarandi áherslur í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, lögum um Bankasýslu ríkisins og samningi milli bankans og Bankasýslu ríkisins í tengslum við þessi viðskipti:

- Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki segir: að meðferð eignarhluta í slíkum fyrirtækjum skuli „miða að því að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði.“ Þar segir jafnframt að þrátt fyrir að stór hluti fjármálakerfisins sé í eigu íslenska ríkisins sé „stefnan sú að íslensk fjármálafyrirtæki verði í framhaldi í fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi. Með dreifðu eignarhaldi er átt við að eigendahópur sé fjölbreyttur og að fjármálafyrirtæki verði skráð á hlutabréfamarkaði.“
- Í lögum um Bankasýslu ríkisins kemur fram að meginhlutverk Bankasýslunnar sé „að sjá um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í og tengjast eigandahlutverki þess.“
- Ekki er gert ráð fyrir að fjármálafyrirtæki og ráðuneytið eða ráðherra eigi bein samskipti vegna ákvarðana er snúa að eignarhaldi ríkisins eða rekstra félagana en líkt og fram kemur í eigandastefnu kemur það „þó ekki í veg fyrir að fjármálafyrirtæki geti upplýst ráðuneytið eða ráðherra um stefnumarkandi mál.“
- Loks segir í eigandastefnu að kynna skuli Bankasýslunni f.h. eiganda fyrirætlanir félags um meiri háttar breytingar á starfsemi þess. Sömuleiðis skuli tilkynna um annað sem er á döfinni hjá félagi og rétt þykir að eigandi sé upplýstur um, „ef sérstök ástæða þykir“. Almennt er litið svo á að stjórn félags geti verið skylt að leggja málefni sem eru sérstaklega þýðingarmikil eða teljast mjög óvenjuleg í starfsemi félags undir hluthafafund. Að mati ráðuneytisins teljast kaup á félögum á nýjum markaði til mikilvægra og umfangsmikilla ráðstafana.

- Ennfremur kemur fram í samningi milli Landsbankans og Bankasýslunnar að „Viðskiptaáætlun vegna komandi rekstrarárs skal afhent hluthöfum innan 15 daga frá því hún hefur verið samþykkt af stjórn bankans. Viðskiptaáætlun skal gera grein fyrir heildar rekstraráætlun ásamt áætlun um þróun efnahags. [...] Áætlanir skulu gera grein fyrir fyrirhugaðri sölu og/eða yfirtöku eigna.“ Bankasýslunni ber því að fá upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum ríkisins er varðar rekstur félaganna.

Það leiðir af ofangreindu að ekki er ásættanlegt að Landsbankinn beri ekki viðskipti af þessum toga undir eigendur félagsins, ekki síst þann aðila sem fer með langstærsta eignahlut félagsins. Í þessu ljósi er óskað eftir því að Bankasýslan upplýsi ráðuneytið um hvort málið hafi verið borið undir stofnunina eða fengið umfjöllun í stjórn stofnunarinnar og hvað hafi komið fram á þeim fundum. Það er ekki til þess fallið að auka traust á eignarhaldi ríkisins á fjármálafyrirtækjum, hafi mál af þessum toga hafi ekki fengið umfjöllun í stjórn Bankasýslu ríkisins á undanförunum mánuðum.

Þá er þess einnig óskað að stofnunin upplýsi hvort og með hvaða hætti hún hyggist bregðast við gagnvart Landsbankanum.

Loks er umhugsunarefni hvort koma þyrfti því á framfæri við bankann að ríkissjóður á 98% hlut í félaginu og fer með tæplega 100% atkvæðavægi og er því skilgreint sem ríkisfyrirtæki skv. alþjóðlegum viðmiðum og fellur umsýsla ríkisins með félaginu undir lög um opinber fjármál og lög um Bankasýslu ríkisins. Ráðuneytið ítrekar þá afstöðu sína að félagið sé ríkisfyrirtæki og heyri undir eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki sem ráðherra setur sbr. sömu lög.

fjármála- og efnahagsráðherra

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir